

AÐALFUNDUR FJÖREGGS

2016



Aðalfundur Fjöreggs verður haldinn
fimmtudaginn 31.mars kl:20:00
í Myllunni Hótel Reynihlíð

Dagskrá aðalfundar er sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
8. Önnur mál

Á fundinum verður einnig flutt erindi. Guðrún Arndís Tryggvadóttir og Einar Bergmundur hjá Náttúra.is munu fræða okkur um flokkun og endurvinnslu og svara spurningum ef einhverjar eru.

Hér er tilvalið tækifæri til að fræðast um þessi mál og vera tilbúin þegar kærkomnar breytingar verða á þessum málaflokki í sveitarfélaginu.

Við hvetjum félagsmenn til að mæta og taka þátt í starfinu og ekki síður að hittast og njóta notalegrar samveru, heilnæmra veitinga, spjalls og fræðslu.

Kveðjur góðar
Stjórn Fjöreggs



www.fjoregg.is www.facebook.com/Fjoregg

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

11. tbl. 8. árg. miðvikudaginn 30. mars 2016

Afmælisbörn dagana 31. mars — 6. apríl 2016

1. Arnþrúður Dagsdóttir, Sólveig Jónsdóttir,
Þórhildur Jökla Davíðsdóttir.
2. Valdimar Ellertsson.
3. Aron Dagur Ottósson, Ingólfur I. Jónasson,
Júlía Katrín Björke.
5. Sigrún Jóhannsdóttir.
6. Agata Kuc.



Aðalfundur Menningarfélagsins Gjallanda.

Aðalfundur félagsins fer fram í sal Jarðbaðanna við Mývatn
þann 30. mars kl. 20:00.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Kaffi og bakkelsi verður í boði.

Stjórn Menningarfélagsins Gjallanda.



(Konudags) - Vortónleikar Sálubótar.

Söngfélagið Sálubót heldur tónleika og skemmtun í Stórutjarnaskóla sunnudaginn 3. apríl kl. 15:00.

Fjölbreytt dagskrá m.a. einsöngur, karlakór og kvartett. Einnig verður boðið upp á gómsætt kaffihlaðborð að hætti kórfélaga. Upplagt fyrir fjölskylduna að koma og njóta næringar bæði á sál og líkama.

Miðaverð er 2.500,- fyrir fullorðna, 1.000,- fyrir 6 - 16 ára og frítt fyrir þá sem yngri eru.

Söngfélagið Sálubót



Aðalfundur

Slysavarnardeildarinnar Hrings verður haldinn í Skútahrauni 16 fimmtudaginn 7. apríl kl. 20:00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Nýir félagar velkomnir.
Stjórnin.



Aðalfundur Dyngjunnar verður haldinn í Reykjahlíðarskóla miðvikudaginn 6. apríl kl. 17:00.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf
Lagabreytingar
Önnur mál.

Að fundi loknum verður boðið upp á eitthvað gott að borða.
Stjórnin



Jarðböðin

bjóða upp á kótelettur í hádeginu frá kl. 12:00 - 14:00 alla fimmtudaga í vetur.

Verð 1.500 kr. fyrir manninn.

Ekki er nauðsynlegt að panta en gott væri að fá að vita daginn áður ef einhver ætlar að koma.

Hlökkum til að sjá sem flesta heimamenn og aðra.

Starfsfólk Jarðbaðanna.

**Hvern einasta dag hefur þú
möguleika á að velja !**

JÁKVÆTT HUGARFAR ER LYKILL HAMINGJUNAR.



Hjartamál og Hugardraumar.